

Umhverfisnefnd Alþingis  
Selma Hafliðadóttir  
nefndarritari  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. mars 2007  
2007030005/42-1-1  
SB/sb

### **Frumvarp til laga um losun gróðurhúsalofttegunda, Þskj. 957 — 641. mál**

Vísað er til bréfs Umhverfisnefndar Alþingis, dags. 6. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreint frumvarp.

Náttúrufræðistofnun Íslands fagnar framkomnu frumvarpi og því yfirlýsta markmiði 1. greinar „að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda.” Skortur á lagaramma, sem tekur mið af alþjóðlegum skuldbindingum, um losunarheimildir atvinnustarfsemi hér á landi hefur ýtt undir óraunhæfar væntingar fyrirtækja og sveitarfélaga til stóriðjustarfsemi, sem samkvæmt núverandi hugmyndum og áætlunum stefnir í allt að 1,1 milljón tonna losun CO<sub>2</sub> umfram árlegar Kyoto-heimildir á tímabilinu 2008–2012 (sbr. greinargerð, bls. 11) og mundu gera Ísland að 6. mesta álframleiðanda heimsins á eftir stórveldunum Kína, Rússlandi, Kanada, Bandaríkjunum og Brasilíu.

Náttúrufræðistofnun Íslands vill einnig nota þetta tækifæri til að lýsa ánægju með nýja loftslagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem umhverfisráðherra kynnti þann 15. febrúar s.l. Eitt af meginmarkmiðum loftslagsstefnunnar er að "Nettólosun gróðurhúsalofttegunda minnki um 50-75% til 2050 miðað við nettólosun árið 1990." Þessu metnaðarfulla markmiði sér þó því miður ekki stað í umræddu lagafrumvarpi sem gerir ráð fyrir því að Ísland fullnýti Kyoto-heimild til að auka losun gróðurhúsalofttegunda til 2012 um 10% miðað við 1990 og fullnýti íslenska ákvæðið svokallaða, sem nemur um 1600 tonnum CO<sub>2</sub>. Fyrirhugaður samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda fram til 2050 hefst því á mikilli aukningu í losun þessara sömu lofttegunda sem dregur vissulega úr trúverðugleika loftslagsstefnunnar og eykur þrýstinginn á atvinnulíf og samfélag eftir 2013.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggst gegn opinni heimild atvinnurekstrar, þ.m.t. stóriðju, til að afla sér losunarheimilda með öðrum hætti “svo sem með fjármögnun verkefna á sviði bindingar kolefnis í gróðri og jarðvegi.....eða með kaupum á losunarheimildum erlendis frá..” (14 gr.). Stofnunin bendir á að innlend uppgræðslu- og skógræktarverkefni geta verið andstæð náttúruverndarsjónarmiðum ef ekki er rétt að þeim staðið (sbr. Samninginn um líffræðilega fjölbreytni) og telur siðferðilega rangt að heimila fyrirtækjum sem hér starfa kaup á

losunarheimildum erlendis fyrir atvinnustarfsemi sem getur spillt íslenskri náttúru. Þessu ákvæði þarf því að breyta og leggur stofnunin til eftirfarandi orðalag í 1. setningu 14. gr.:

“Atvinnurekstri er heimilt, að teknu tilliti til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða, að afla sér losunarheimilda...”

Virðingarfyllt

Snorri Baldursson  
staðgengill forstjóra